

## Sex þrepa leið til að leysa vandamál

### 1. SKILGREINA ÞARFIR

„Hvað er það sem þú þarft (eða vilt)?“

Hver aðili í ágreiningnum ætti að svara þessari spurningu, án þess þó að ásaka hinn aðilann.

### 2. SKILGREINA VANDANN

„Hvert heldurðu að vandamálið sé?“

Allur bekkurinn getur hjálpað til við að koma fram með svar sem skilgreinir þarfir beggja aðila, en ásakar engan. Aðilarnir í ágreiningnum verða að vera sammála greiningunni.

### 3. FINNIÐ FULLT AF LAUSNUM

„Hver getur fundið mögulega leið til þess að leysa vandamálið?“

Hver sem er í bekknum getur boðið fram sína lausn. Allar lausnir ætti að skrifa niður, án þess að dæma þær, meta eða gera nokkrar athugasemdir. Takmark þessa skrefs er að finna eins margar lausnir og mögulegt er.

### 4. LAUSNIRNAR METNAR

„Værir þú ánægð(ur) með þessa lausn?“

Aðilarnir sem eiga í ágreiningnum fara yfir listann með mögulegum lausnum og segja til um hver af þeim myndi ekki henta honum/henni.

### 5. BESTA LAUSNIN VALIN

„Eruð þið sammála þessari lausn? Er vandinn leystur?“

Verið viss um að báðir aðilar séu sammála og að viðleitni þeirra til þess að leysa vandann sé vel metin.

### 6. ATHUGIÐ HVORT LAUSNIN VIRKAR

„Tölum saman fljótlega til að vera viss um að vandinn sé í raun leystur.“

Skipuleggja þyrfti hvernig meta á lausnina. Matið gæti farið fram á nokkrum mínútum eða á klukkutíma, á morgun eða í næstu viku. Tíminn sem fer í það ferli fer eftir aðilunum og eðli vandans.